



Forsætisráðherra
Hr. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
Stjórnarráðshúsinu

150 Reykjavík

24. september 2013

Málefni: Úttekt á aðildarviðræðum við Evrópusambandið, þróun ESB og valkostum í efnahagsmálum.

Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins og Væðskiptaráð Íslands hafa ákveðið að standa fyrir úttekt eins og heiti erindis þessa ber með sér.

Samtökin telja öll æskilegt að aðildarviðræðum við ESB verði lokið og að besti fánlegi samningur um aðild verði borinn upp í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Í ljósi þess að ríkisstjórnin hefur ákveðið að gera hlé á aðildarviðræðum telja samtökin mikilvægt að lagt verði mat á stöðu aðildarviðræðna við ESB og hvaða áhrif hléð hafi á framvindu viðræðna. Í hjálögðu skjali má sjá yfirlit yfir þau álita- og úrlausnarefni sem samtökin telja mikilvægt að verði reifuð.

Samtökin óska eftir samstarfi við stjórnvöld við gerð úttektarinnar, enda um mikilvæg álitaefni að ræða fyrir efnahagslega framvindu í landinu. Samtökunum eru ljós ákvæði *Stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins* í þessum efnum og að utanríkisráðherra hafi lýst yfir að viðræður standi yfir við Hagfræðistofnun Háskóla Íslands um úttekt á aðildarviðræðunum við ESB. Það er mat samtakanna að þessar tvær úttektir geti vel farið saman.

Telji stjórnvöld ekki ávinning af slíku samstarfi munu samtökin engu að síður standa fyrir úttekt á þessum málum. Hlutlæg og greinargóð úttekt af þessu tagi er lykilforsenda þess að hægt sé að meta hvaða valkostir séu best til fallnir að tryggja samkeppnishæfni atvinnulífsins til lengri tíma og um leið skapa best lífsskjör heimilanna í landinu.

Virðingarfyllst,

f.h. Alþýðusambands Íslands

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Væðskiptaráðs Íslands

Afrit:
Utanríkisráðherra
Hr. Gunnar Bragi Sveinsson
Rauðarárstíg 25
150 Reykjavík

Fjármálaráðherra
Hr. Bjarni Benediktsson
Arnarhváli
150 Reykjavík



24. september 2013

Minnisblað vegna úttektar á aðildarviðræðum við ESB

Alþýðusamband Íslands, Samtök atvinnulífsins og Viðskiptaráð Íslands telja mikilvægt að lagt verði mat á stöðu aðildarviðræðnanna við Evrópusambandið og með hvaða hætti þær yrðu teknar upp að nýju ef vilji stæði til þess. Samtökin telja öll mikilvægt að aðildarviðræðum verði lokið, að náð verði eins hagfeldri niðurstöðu fyrir Ísland og kostur er og að samningur um aðild verði borinn upp í þjóðaratkvæðagreiðslu.

Að mati samtakanna er nauðsynlegt að lagt verði hlutlægt mat á stöðu aðildarviðræðnanna áður en frekari ákvarðanir verði teknar um næstu skref. Þá verði einnig fjallað um þau álitafni sem eru til staðar og hvaða kostir eru í stöðunni. Mikilvægt er að varpað verði ljósi á þróun ESB frá því aðildarviðræður hófust árið 2009. Sérstakri athygli verði beint að gjaldmiðilssamstarfinu og þróun þess í ljósi efnahagsörðugleika undanfarinna ára. Loks verði lagt mat á stöðu EES - samningsins og möguleikum og takmörkunum sem í honum felast. Svarað verði spurningum eins og þeirri hvort aðildarviðræðum verði haldið áfram á þeim stað sem frá var horfið eða hvort taka þurfi upp að nýju mál sem þegar hefur verið lokið.

Liður í úttektinni verði einnig að kanna kosti og galla þeirra leiða sem koma til greina til að tryggja hér á landi til langframa stöðugleika í gengis- og peningamálum, verðlagi, og festu í stjórn efnahagsmála og um leið hvernig unnt sé að skapa umgjörð fyrir öflugt atvinnulíf og búa heimilunum lífskjör í fremstu röð.

Komi til þess að úttektin verði unnin í samvinnu við stjórnvöld verða efnistöð að sjálfsögðu mótuð frekar með hliðsjón af því.

Þau viðfangsefni sem samtökin telja mikilvægt að fjalla um eru eftirfarandi:

1. Staða aðildarviðræðnanna við ESB¹.

- b. Samningskaflar sem þegar hefur verið „lokað“. Mat á stöðunni, tækifæri greind og hvaða fyrirvarar/álitafni hafa komið upp.
- c. Samningskaflar sem hafa verið opnaðir til viðræðna. Mat á stöðunni, tækifæri greind og hvaða fyrirvarar/álitafni hafa komið upp.
- d. Samningskafla sem ekki hafa verið opnaðir:
 - i. Kaflar þar sem samningsafstaða Íslands liggur fyrir. Mat á stöðunni, tækifæri greind og hvaða fyrirvarar/álitafni þar hafa komið upp.
 - ii. Kaflar þar sem samningsafstaða Íslands hefur ekki enn verið mótuð eða sett fram. Mat á stöðunni, tækifæri greind og hvaða fyrirvarar/álitafni þar hafa komið upp.

Markmiðið er að fá greinargott yfirlit um stöðu aðildarviðræðnanna almennt, en jafnframt að draga fram hvar helstu tækifæri, fyrirvarar og álitafni eru miðað við það sem nú liggur fyrir. Þá verði svarað spurningum eins og þeirri hvort haldið verði áfram á þeim stað sem frá var horfið eða hvort taka þurfi upp að nýju mál sem þegar hefur verið lokið eða samningsafstaða Íslands lögð fram.

2. Greining á helstu álitafnum, samningsmarkmiðum, kostum í stöðunni og mögulegri samningsniðurstöðu.

Markmiðið er að kafa dýpra í helstu álitafni og kanna kosti og galla þeirra leiða sem koma til greina til að tryggja hér á landi til langframa stöðugleika í gengismálum, verðlagi, peningamálum og festu í stjórn efnahagsmála.

¹ Byggja má umfjöllunin á skýrslu utanríkisráðherra frá því í apríl 2013 og gögnum samningahópanna, auk annarra upplýsinga.



Auk almennrar greiningar verði eftirfarandi samningskaflar teknir sérstaklega til skoðunar:

- a. Efnahags- og peningamál og frjálsir fjármagnsflutningar.
- b. Sjávarútvegsmál ásamt staðfestu- og þjónustufrelsi.
- c. Landbúnaður og dreifbýlisþróun, ásamt matvælaöryggi og dýra- og plöntuheilbrigði.

3. Staða og framtíð Evrópusambandsins

Varpað verði ljósi á þróun ESB frá því aðildarviðræður hófust árið 2009 og frá því fyrri Evrópunefndir störfuðu þ.e. á árunum 2004 -2007 og 2008 -2009. Sérstakri athygli verði beint að gjaldmiðilssamstarfinu og þróun þess í ljósi efnahagsörðugleika undanfarinna ára. Fjallað verði um aukið samstarf og samráð aðildarríkjanna varðandi ríkisfjármál og aukið aðhald að starfsemi fjármálafyrirtækja, m.a. áhrifa þess á fjármögnun íslenskra fjármálafyrirtækja á alþjóðlegum fjármálamarkaði. Einnig verði fjallað um áhrif fríverslunarsamningana á samkeppnisstöðu Íslands.

4. Staða og framtíð EES samningsins²

Tilgangurinn er að greina stöðu EES samningsins og hvers er að vænta í næstu framtíð, m.a. út frá þróun Evrópusambandsins og þess hluta Evrópusamvinnunnar sem er utan EES.

5. Framhaldið

Samantekt og sviðsmyndir um mögulegt framhald viðræðnanna við Evrópusambandið.

² Nýta má nýlega úttekt Norðmanna á EES samningnum „Utenfor og innenfor - Norges avtaler med EU“ <http://www.regjeringen.no/nb/dep/ud/dok/nou-er/2012/nou-2012-2.html?id=669368>. Einnig úttekt CEPS sem gerð var fyrir Liechtenstein „The EEA Review and Liechtenstein’s Integration Strategy“ <http://www.ceps.eu/book/eea-review-and-liechtenstein%E2%80%99s-integration-strategy>.